


Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

7. tbl. • Júlí 1999



Starfsskilyrði frumkvöðla á Íslandi

Samtök iðnaðarins (SI) hafa gefið út rit um starfsskilyrði frumkvöðla á Íslandi. Ritið, sem gefið er út í samvinnu við Iðn- og atvinnurekendasamtök Evrópu (UNICE), er framhald af skýrslu sem kom út á síðasta ári og ber nafnið „Mælikvarðar á samkeppnishæfni Íslands og annarra Evrópuríkja.“ Þá skýrslu gáfu SI út í samvinnu við UNICE og VSÍ.

Í ritinu er byggt á samanburði við önnur lönd og mat lagt á lífskjör þjóðarinnar og umsvif frumkvöðla. Rakin eru skilyrði fyrir frumkvöðlastarfi í efnahagslífinu og ýmsir mælikvarðar notaðir til að kanna hvort þau séu fyrir hendi hér á landi. Í því sambandi er bent á að hið opinbera tekur mikið rými í íslensku efnahagslífi og það leggi þungar byrðar á atvinnulífið sem séu til þess fallnar að kæfa framtak einstaklingsins.

Í ritinu kemur einnig fram að hver vinnustund hér á landi gefur af sér minni verðmæti en í flestum þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Ef þessu væri öðruvísi farið hefði þjóðin meiri tekjur, fleiri frístundir eða hvort tveggja. Lítil verðmætasköpun á vinnustund merkir að þjóðin býr við lakari lífsgæði en ella. Ein besta og skjótvirkasta leiðin, til þess að bæta úr þessu, er að búa frumkvöðlum okkar betra starfsumhverfi en verið hefur.

Markmiðið með ritinu er að auka vitund um mikilvægi frumkvöðla og starfs þeirra fyrir lífskjör þjóðarinnar og benda á leiðir sem stjórnvöld ættu að fara til að bæta starfsskilyrði frumkvöðla hér á landi.

Ingólfur Bender



Opinber innkaup og útboðslög

Umtalsverð framfaraspor voru stigin með setningu laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og aðild okkar að EES-samningnum í ársbyrjun 1994 sem hafði í för með sér að hér voru teknar upp tilskipanir ESB um opinber innkaup. Um svipað leyti (sept. 1993) gaf fjármálaráðherra út útbóðsstefnu ríkisstjórnarinnar sem síðan var fest í sessi með því að breyta henni í reglugerð nr. 302/1996. Útbóðsstefna og reglugerðin eru enn eitt dæmið um þau umbótaáhrif sem EES-samningurinn hefur haft á starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja. Þegar búið var að taka upp reglur ESB um opinber innkaup varð flestum ljóst að setja þurfti reglur um opinber innkaup undir viðmiðunarmörkum þeirra. Þetta var gert með áðurnefndri útbóðsstefnu ríkisstjórnarinnar. Eins og svo oft áður þurfti að ýta við íslenskum stjórnvöldum með milliríkjasamningi til þess að fá fram þessar úrbætur sem öllum þykja sjálfsagðar þegar þær eru komnar til framkvæmda.

REGLUR EN EFGIN VIÐURLÖG

Einn helsti gallinn við þessa stefnu, eins og raunar löginn um framkvæmd útboða, er sá að engin viðurlög eru við því að brjóta reglurnar. Samkvæmt lögum um innkaup ríkisins eiga Ríkiskaup að annast þau en heimilt er að veita einstökum ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum heimild til að annast eigin innkaup. Þetta ákvæði hefur verið lengi í lögum en hefur aldrei komið til framkvæmda. Þess vegna hefur engin ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki fengið slíkt leyfi og þaðan af síður hefur neinn verið svipur leyfi þótt oft hafi verið full ástæða til.

Svipuð staða er uppi varðandi löginn um framkvæmd útboða sem ná til allra útboða en ekki einungis til opinberra aðila. Í versta falli getur sá, sem

þverbrýtur lög um framkvæmd útboða, þurft að greiða þeim, sem brotið er á, kostnað við tilboðsgerðina. Það eru ekki alvarleg viðurlög enda eru löginn um framkvæmd útboða þverbrotnir í viku hverri. Nýlega óskaði íslenskt stórfyrirtæki, skráð á Verðbréfaþingi, eftir tilboðum í aðföng fyrir starfsemi sína. Um var að ræða fjárhæð sem svaraði 15-18 millj.kr. eða 5-6 faldri þeirri viðmiðun sem ríkið hefur sett sem um eigin útbóðs-skyldu. Þegar væntanlegur bjóðandi vildi fá að vera viðstaddur opnun tilboða og vísaði í lög um framkvæmd útboða könnuðust menn í fyrstu ekkert við þessi lög en svöruðu síðan um hæl að hér væri ekki um útboð að ræða heldur óformlega verðkönnun þannig að ákvæði laganna ættu ekki við. Þar við sat.

STÖÐNUN OG AFTURFÖR

Eftir umtalsverðar framfarir á sviði útboðsmála hefur ríkt stöðnun á þessu sviði og jafnvel afturför. Dæmi um afturför eru svokallaðir rammameningar sem að sönnu geta hentað við kaup á staðlaðri rekstrarvöru eða þjónustu á borð við leigubílaakstur. Á öðrum sviðum virðast rammameningar þjóna þeim tilgangi að færa Ríkiskaupum fyrirhafnarlitlar tekjur en um leið skapast möguleikar fyrir þá sem innkaupin annast að fara framhá almennu útbóðsskyldunni. Framleiðendur eiga að bjóða verð og afhendingarskilmála án þess að þeim séu tryggð nokkur viðskipti til dæmis í prentverki eða rúðugleri en hvorugt er, sem kunnugt er, stöðluð lagervara.

Áberandi er að þeir aðilar, sem ekki vildu eða gátu lagað sig að útbóðsreglum og síðan reglugerð um innkaup ríkisins, virðast smám saman vera að átta sig á því að þeir geta átölulaust brotið þessar reglur.

Tilvist kærunefndar útboðsmála hefur engu breytt um þetta. Gott dæmi um það er kæra vegna forvals Ríkiskaupa vegna endurnýjunar á Reykjavíkurlugvelli. Þeir, sem fengu að bjóða í verkið, voru valdir á grundvelli hæfnismatskerfis Almennu verkfræðistofunnar ehf. og það mat réð úrslitum um val á bjóðendum í verkið. Viðurkennt er að í útbóðsgögnum var ekki tilgreint hvaða viðmið yrðu notuð við matið sem þýðir að Ríkiskaup brutu í þessu tilviki eigin reglur. Samt kemst kærunefndin að þeirri hefðbundnu niðurstöðu að henni 6.þykir þó ekki nægileg ástæða til þess að leggja það til við hið háa ráðuneyti að umrætt forval verði ógilt af þessari ástæðu. &

Full þörf er á að halda áfram umbótastarfi á sviði opinberra innkaupa og útboðsmála. Hér eru sett fram fimm atriði sem mjög myndu bæta ástandið á þessu sviði.

Sveinn Hannesson

Tillögur til úrbóta:

1. Reglugerð um innkaup ríkisins verði færð út og látin taka til annarra opinberra aðila og þá sérstaklega sveitarfélaga.
2. Ákvæði laga um útbóðsheimildir ríkisstofnana og -fyrirtækja verði látin koma til framkvæmda.
3. Verktími opinberra framkvæmda verði lengdur og útbóðum dreift yfir árið en það drægi úr spennu á markaði og lækkaði kostnað.
4. Lög um framkvæmd útboða verði endurskoðuð og viðurlög við brotum hert.
5. Reglur opinberra aðila við val á verktökum verði samræmðar og gerðar opinberar.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
07. TBL, Júlí 1999
ISSN 1022-7741
För í prentsmíðju: 9.07.1999
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar:
Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjórar: Ingi Bogi Bogason og
Þóra Ólafsdóttir
Prófaralestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.
Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Skattaleg meðferð valréttarsamninga með hlutabréf

Notkun valréttarsamninga með hlutabréf við greiðslu launa stjórnenda í bandarískum fyrirtækjum hefur aukist hröðum skrefum á undangengnum tveimur áratugum. Tekjur af valréttarsamningum með hlutabréf eru nú taldar nema helmingi af heildartekjum stjórnenda stærstu fyrirtækja þar í landi og 30% af tekjum milli-stjórnenda. Notkun slíkra valréttarsamninga þekkist vart í viðlíka mæli í öðrum löndum. Talið er að Bretar séu um tíu árum á eftir Bandaríkjamönnum í þessari þróun og í Japan var fyrst árið 1997 heimilt að nota valréttarsamninga með hlutabréf sem hluta launasamninga.

SKATTALEG ÓVISSA

Hér á landi er farið að gæta verulegs áhuga fyrirtækja og starfsmanna á að nýta þennan möguleika við gerð vinnustaðasamninga. Í því sambandi hefur vaknað spurningin um skattlagningu og hvort tekjur, sem er aflað með notkun valréttarins, teljast fjármagnstekjur eða launatekjur. Á að greiða 38,34% skatt eða 10%?

Hjá ríkisskattstjóra liggur fyrirspurn um skattalega meðferð valréttarsamninga með hlutabréf. Ástæða hennar er sú að löggin eru langt frá því að kveða skýrt á um hvernig þessu skuli háttað. Úrskurðar er að vænta innan skamms og er líklegt að hann verði á almennum nótum. Til að eyða óvissunni þarf hins vegar meira. Það þarf skýr lagaákvæði - breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt.

BANDARÍSK LÖG

Við setningu laga um skattalega meðferð tekna af notkun valréttasamninga er rétt að líta þangað sem slíkar skattareglur eru hvað þróaðastar. Fullyrða má að þetta sé í Bandaríkjunum. Meginreglan í bandarískum skattalögum er sú að líta á valréttarsamninginn líkt og önnur verðbréf og skattleggja tekjurnar sem fjármagnstekjur. Skattlagningin á sér stað þegar starfsmaðurinn selur hlutabréfin og eru skilyrðin þau að samningurinn sé milli starfsmanns og þess fyrirtækis sem hann starfar hjá og að hann sé ekki framselj- anlegur.

Undantekningarnar frá þessari meginreglu eru tvær. Ef í samningnum er kveðið á um gengi, sem er undir markaðsgengi á þann dag sem samningurinn er gerður, er litið á muninn sem hlunnindi og þær tekjur skattlagðar sem launatekjur. Í öðru lagi eru í lögum tímamörk sem segja að starfsmaðurinn verði að eiga hlutabréfin lengur en tvö ár eftir að valréttarsamningurinn var gerður og lengur en eitt ár frá því að hann nýtti sér valréttinn. Ef þessi tímamörk eru ekki nýtt er hluti þeirra tekna, sem valréttarsamningurinn gefur, meðhöndlaðar sem launatekjur.

NOKKUR DÆMI

Tökum dæmi til skýringar. Starfsmaður gerir valréttarsamning 11. mars 1996 við atvinnurekanda sinn um að kaupa hlut í fyrirtækinu fyrir 100 þúsund krónur á nafnverði og á genginu tíu sem er markaðsvirðið á þeim tíma. Starfsmaðurinn nýtir sér þetta val 19. janúar árið 1997 þegar gengi bréfanna er komið í tólf. Hann selur svo bréfin 25. janúar 1998 á genginu 15.

Starfsmaðurinn átti bréfin í meira en eitt ár en seldi þau innan tveggja ára frá því að valréttarsamningurinn var gerður. Hann verður því að telja mismuninn á genginu í valréttarsamningnum (10) og markaðsverðinu þegar hann nýtti sér valið (12) sem hlunnindi (launatekjur). Afganginn, þ.e. muninn á genginu 12 og 15, má hann telja fram sem fjármagnstekjur.

	Þúsundir króna
Söluverð (15x100)	1.500
Kaupverð (10x100)	-1.000
Tekjur	500
Þ. a. launatekjur ((12-10)x100)	200
Þ. a. fjármagnstekjur ((15-12)x100)	300

Tökum annað dæmi. Starfsmaður gerir valréttarsamning við atvinnurekanda sinn um að kaupa hlut í fyrirtækinu fyrir 100 þúsund krónur að nafnverði og á genginu 20 þegar markaðsgengið er 22. Starfsmaðurinn nýtir sér þetta val 18 mánuðum síðar og er gengi bréfanna þá komið í 23. Hann selur svo bréfin 14 mánuðum síðar á genginu 30.

Á því ári, sem bréfin voru seld, ber starfsmanninum að telja fram sem launatekjur muninn á markaðsgenginu

(22) og samningsgenginu (20). Hinn hluta teknanna, þ.e. muninn á 22 og 30, ber honum að telja fram sem fjármagnstekjur.

	Þúsundir króna
Söluverð (30x100)	3.000
Kaupverð (20x100)	-2.000
Tekjur	1.000
Þ. a. launatekjur ((22-20)x100)	200
Þ. a. fjármagnstekjur ((30-22)x100)	800

Ef viðkomandi starfsmaður hefði ekki fullnægt tímaskilyrðunum hefðu launatekjurnar verið reiknaðar sem munurinn á samningsgenginu (20) og því gengi þegar hann nýtti sér valið (23).

	Þúsundir króna
Söluverð (30x100)	3.000
Kaupverð (20x100)	-2.000
Tekjur	1.000
Þ. a. launatekjur ((23-20)x100)	300
Þ. a. fjármagnstekjur (30-23)x100	700

VEITA FRAMFÖRUM BRAUTARGENGI

Í reynd eru til nokkru flóknari afbrigði af valréttarsamningum með hlutabréf en hér hafa verið tekin sem dæmi. Hvorki ástæða né rými til að fara nákvæmlega út í þau hér. Í skattalegu tilliti eru hins vegar einkum tvö atriði sem hér þarf að skoða. Í fyrsta lagi vegna vandkvæða á að ákveða „markaðsverð“ bréfa er ljóst að þessi ákvæði geta ekki gilt um öll fyrirtæki. Hér mætti hugsanlega miða við einhverskonar skráningu hjá Ríkisskattstjóra líkt og tíðkast varðandi frádráttararbæra fjárfestingu einstaklinga í atvinnurekstri. Í öðru lagi er nauðsynlegt að setja reglur um eignarhaldstíma bréfanna og virðist í því sambandi koma til greina að miða við 1-2 ár líkt og í Bandaríkjunum.

Bandarísk lög virðast taka með skýrum og ásættanlegum hætti á skattlagningu valréttarsamninga með hlutabréf. Vonandi verður væntanlegur úrskurður Ríkisskattstjóra á svipuðum nótum. Hér á landi þarf hins vegar að setja slík ákvæði í lög eigi þau að fylgja takti tímans og veita þessari nýju og um margt jákvæðu útgáfu kjarasamninga brautargengi.

Ingólfur Bender

Heimild: Harward Business Review, Business Week og www.irs.ustreas.gov

Hvernig tókst fundurinn?

Hans Jóhannsson,
fiðlusmiðameistari



„Evrópa felur í sér gífurlega möguleika í samstarfi og hagræðingu fyrir smáyrirtæki. Smáyrirtækin eru uppspretta stærsta hluta þjóðartekna

í dag og þá ekki síst hefðbundið handverk sem er reyndar mikilvæg undirstaða verksvits í stærri iðnaði. Athyglisvert var hve margir töldu að „framför“ byggðist á því hve vel gengi að halda í gamlar verkvenjur. Samhugur var um tilraun til að staðla réttindamál án þess að rígbinda slíkt inn an Evrópu.“

Valdimar Tryggvason,
Söðlasmiðurinn ehf.



„Námstilhögun í söðlasmiði á Norðurlöndum hefur tekið stórum framförum á síðustu árum, ekki síst vegna norræns átaks í

þessum efnunum. Í Köln lögðu Norðurlandþjóðirnar fram sitt kerfi inn í þessa vinnu og var vel tekið. Í Suður-Evrópu er söðlasmiði töluverð en þar vantar greinilega tæknilega þekkingu og vinnulag sem við búum yfir.“

Menntamál fámennra iðngreina í Evrópu

Fjórir íslenskir iðnaðarmenn, gullsmiður, klæðskeri, söðlasmiður og fiðlusmiður, voru meðal þátttakenda á fundi evrópskra fulltrúa fámennra iðngreina sem haldinn var í Köln í byrjun júní. Um er að ræða verkefni innan Leonar-dóáætlunarinnar („Vocational Training in Traditional Crafts“)

en markmið þess er að efla menntun og þjálfun í fámennum iðngreinum í Evrópu. Fundurinn var haldinn um leið og stærsta handverkssýning meginlandsins stóð þar yfir.

Málefni fámennra iðngreina hafa á undanförunum árum verið í brennidepli iðnaðarsamtaka í Evrópu. Samtök atvinnurekenda í iðnaði á Norðurlöndum tóku til hendinni fyrir fáeinum árum og stofnuðu til formlegs samstarfs fámennra iðngreina með stuðningi frá norræna ráðherraráðinu. Markmið samstarfsins var að efla nám í fámennum iðngreinum og gera þeim kleift að samræma nám og námsgögn. Samtök iðnaðarins voru virkur þátttakandi í samstarfinu og meðal íslenskra þátttakenda í því voru hljóðfærasmíður, gullsmiður, málmsteypu- maður, klæðskeri, söðlasmiður og úrsmiður. Norræna samstarfinu lauk formlega 1997 og höfðu þá margar greinar samið námskrá sem gildir um öll Norðurlönd.

Um 50 fulltrúar 8 iðngreina frá 9 löndum komu að þessu sinni á fundinn í Köln. Unnið var út frá sameiginlegum gátlista þar sem m.a. var beðið um samanburð á skólum og menntun í einstökum greinum. Fulltrúarnir báru saman inntak og stundafjölda í skóla



Fulltrúi Handwerkskammer NRW býður gesti velkomna á handverkssýninguna

og þjálfun á vinnustað. Markmið samstarfsins er að gera fámennum iðngreinum í Evrópu kleift að samræma inntak náms og þjálfunar og efla þær með meiri samvinnu.

Að sögn íslensku fulltrúanna lögðu menn sig fram um að ná fram sameiginlegum áherslum. Almennt urðu menn fljótt sammála um vinnuáætlun og forgangsröðun atriða. Reynslan af norrænni samvinnu á þessu sviði nýttist áberandi vel við að koma gangverkinu af stað. Einna erfiðast var að finna samsvörun milli Norðurlandanna og Spánar. Bæði er skipulag námsins milli Norður- og Suður-Evrópu mjög ólíkt og eins eru tungumálaörðugleikar milli þessara svæða mestir.

Hóparnir halda vinnu sinni áfram með hjálp nútímasamskiptatækni, sérstaklega gegnum tölvupóst. Verkefninu lýkur formlega á næsta ári.

Frekari upplýsingar um verkefni fámennra iðngreina í Evrópu gefur undirritaður (s. 511 5555) og aðiri íslenskir þátttakendurnir á fundinum: Helga Jónsdóttir, gullsmiðameistari (s. 561 6660), Ólöf Björg Kristjánsdóttir, kjóla- meistari (s. 568 7735), Valdimar Tryggvason, söðlasmiður (s. 898 0630) og Hans Jóhannsson, fiðlusmiðameistari (s. 897 8698).

Ingi Bogi Bogason



Frá norræna sýningarbásnum

Handverkssýningin í Köln

Stærsta handverkssýning í Evrópu er haldin í Köln á hverju ári. Um 60.000 þúsund gestir heimsækja sýningarsvæðið sem er um 20.000 m² að stærð eða um tífalt stærra en Laugardalshöllin. Fundur fámennra iðngreina í Evrópu var haldinn í ráðstefnu- og fundarsölum á sýningarsvæðinu.

Til sýnis og sölu var listiðnaður frá gervöllu Þýskalandi og víða úr Evrópu, þ.m.t. frá Norðurlöndum. Meðal sýningargripa voru verðlaunagripir frá keppni Félags íslenskra gullsmiða um kvenlegasta og karlmannlegasta víNFLöskutappann og fagurlega búinn íslenskur kjóll. Óhætt er að segja að tapparnir hafi vakið mikla athygli. Töluverð sókn var í kynningarbæklinginn um tappana þótt þeir væru eingöngu á íslensku. Þegar sýningargesti var bent á að erfitt gæti reynt að skilja textann svaraði hann að bragði: „Es macht nichts. Die Bilder sind so schön!“

Góð viðbrögð við þessari tilraunasýningu á norrænu handverki vekja spurningu um hvort ekki sé ástæða til að gera veg norræns handverks enn stærra á handverkssýningunni í Köln sumarið 2000. Varaforseti Handwerkskammer Köln, Fred Balsam, er mjög



Karlmannlegasti víNFLöskutappinn

áfram um samstarf við Norðurlönd á sviði handverksins. Hann er fremstur í flokki skipuleggjenda handverkssýningarinnar og hvetur til þess að Norðurlandþjóðir komi upp sam-eiginlegum, myndarlegum sýningarbás á svæðinu.

Allar hugmyndir frá félagsmönnum Samtaka iðnaðarins í þessu sambandi eru vel þegnar.

Hvernig tókst fundurinn?

Helga Jónsdóttir, gullsmíðameistari



„Það var nytsamlegt að fá tækifæri til að bera saman fyrir-komulag menntunar í gullsmíði heima við önnur lönd. Ég vil sjá framhald á þessari vinnu. Mér

finnst koma til greina að taka upp sams konar samstarf á sviði markaðsmála einstakra iðngreina í Evrópu. Við höfum náð beinu sambandi við fagmenn frá öðrum Evrópuþjóðum. Forsvarsmenn Þýsku handverkssamtakanna (Handwerkskammer) buðust til að vera okkur innan handar ef við hefðum áhuga á að gera hlut Norðurlandanna stærri á handverkssýningunni næsta sumar. Þetta hljótum við að hugleiða í okkar hópi.“

Ólöf Björg Kristjánsdóttir, kjólameistari:



„Ég tók þátt í sérstökum hópi þar sem fjallað var um búningagerð í leikhúsi. Nám í þessari grein er mjög misjafnt eftir löndum. Það var t.d. greinileg gjá

milli spænska fulltrúans og okkar frá Norðurlöndunum. Það var gagnlegt að kynna mismunandi áherslum í uppbyggingu námsins. Eins vil ég nefna að þessi stóra handverkssýning í Köln var til fyrirmyndar. Við getum sótt innblástur í sölusýningu af þessari stærð. Eins kemur til greina að skipuleggja þátttöku íslenskra listiðnaðarmanna á sýninguna á næsta ári. Því ræður aðeins vilji félagsmanna Samtaka iðnaðarins.“

Taldir reka dulbúna kjarabaráttu í fjórðungi fyrirtækja

Samtök iðnaðarins hafa lokið könnun á umfangi, kostum og göllum trúnaðarmannakerfisins. Markmiðið var að grafast fyrir um aðkallandi breytingar á kerfinu. Sex spurningar voru lagðar fyrir stjórnendur 33 úr hópi stærstu fyrirtækja innan Samtakanna og var svarhlutfallið um 70%.

EKKI UMFANGSMIKIÐ STARF

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að í allfestum tilvikum kýs starfsfólk trúnaðarmann. Þar sem fjöldi trúnaðarmanna á hverjum vinnustað markast m.a. af fjölda starfsmanna, fjölda stéttarféлага og fjölda deilda á vinnustað er hann afar mismunandi. Einnig er mismunandi hve langur tími fer í trúnaðarmannastörfin eða námskeið þeim tengd á hverju ári. Í allfestum tilvikum var ekki um að ræða lengri tíma en eina vinnuviku að jafnaði. Í flestum fyrirtækjum hafa trúnaðarmenn aðgang að aðstöðu í fyrirtækinu til að sinna starfinu og í nokkrum tilvikum séraðstöðu. Flest fyrirtæki greiða einnig laun vegna starfsins en fátíðara er að þau greiði annan kostnað.

SUMIR TÚLKA STARFSVIÐ SITT BÝSNA VÍTT

Í lögum er kveðið á um að trúnaðarmaður skuli gæta þess að atvinnurekandi og fulltrúar hans haldi gerða vinnusamninga og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt starfsmanna. Spurðir hvaða störf í fyr-

irtæki þeirra féllu undir störf trúnaðarmanna önnur en þau sem að framan greinir sögðu 61% svarenda að þau væru engin. Aðrir nefndu að trúnaðarmenn önnuðust samningagerð í umboði stéttarféлага og sambanda og væru kallaðir til þegar ræða þyrfti mál er vörðuðu starfsmenn með einum eða öðrum hætti. Nokkrir nefndu að þrátt fyrir þetta afmarkaða verksvið túlki sumir trúnaðarmenn starfssvið sitt býsna vítt og verji t.d. talsverðum tíma í að fylgjast með ýmsu sem lýtur að daglegum rekstri og stjórnun svo og starfsemi verktaka sem taka að sér tiltekna verkþætti eða framkvæmdir fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Í tengslum við síðustu spurningu sögðu tæplega 73% svarenda að trúnaðarmenn misnotuðu ekki aðstöðu sína með því að reka dulbúna kjarabaráttu. Aðrir (ríflega 27%) sögðu þetta vandamál einkum á tímum launaskriðs eins og nú er. Flestir, sem sögðu þetta vera vandamál, tóku fram að þetta færi eftir þeim einstaklingum sem sinntu störfum trúnaðarmanna á hverjum tíma.

FJÓRÐI HVER FÆR MEIRI STARFSVERND

Óheimilt er samkvæmt lögum að segja mönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmenn eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannastörfum fyrir sig. Þurfi atvinnurekandi að fækka við sig starfsmönnum skal trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.



Orðin „að öðru jöfnu“ benda til þess að regla þessi sé ekki undantekningarlaus. Spurt var: Veitir fyrirtæki þitt trúnaðarmönnum meiri starfsvernd en öðrum starfsmönnum? Af þeim sem svöruðu sögðu rúmlega 30% að svo væri ekki, tæplega 44% að aldrei hefði reynt á þetta og því væri ekki hægt að fullyrða að trúnaðarmaður nyti meiri starfsverndar en aðrir en 26% sögðust veita trúnaðarmönnum meiri starfsvernd en öðrum starfsmönnum.


LENDI Á MILLI OG UPPSKERA ÓVINSÆLDIR

Af svörum stjórnenda fyrirtækja má ráða að erfitt er að fá hæfa menn til trúnaðarmannastarfa. Þeir, sem sinna þessu starfi, lenda oft á milli starfsmanna og stjórnenda fyrirtækjanna og verða óvinsælir meðal hvorra tveggja. Starfið þarfnast hæfileikafólks sem kann til verka og þekkir takmörk verksviðs síns. Stjórnendur fyrirtækja ættu því að fara varlega í að samþykkja tilnefningar trúnaðarmanna og vera á varðbergi gagnvart því að semja um umfangsmeiri trúnaðarstörf en kveðið er á um í lögum. Áberandi er að ánægja stjórnenda með störf trúnaðarmanna er í öfugu hlutfalli við umfang starfsins.

Niðurstöður könnunarinnar má nálgast í heild sinni á vef Samtakanna www.si.is en einnig má fá þær sendar í pósti.

Ingólfur Bender

Tekjur af vörugjaldi í milljónum króna





Fremri röð frá vinstri: Haraldur Hjaltason, Sveinn Hannesson og Skúli Gunnsteinsson, aftari röð frá vinstri: Andrea Rafnar, Davíð Lúðvíksson og Þorlákur Karlsson

Íslenska ánægjuvogin farin af stað

Samstarfssamningur við GSFÍ og Gallup undirritaður

Samtök iðnaðarins undirrituðu þann 30. júní samstarfssamning við Gæðastjórnunarfélag Íslands og Gallup um mælingar á ánægju viðskiptavina íslenskra fyrirtækja og stofnana. Samningurinn felur m.a. í sér stofnun sérstaks félags „Íslenska ánægjuvogin.“ Markmið félagsins er að stuðla að því að mæla ánægju viðskiptavina íslenskra fyrirtækja og tryggja þeim aðgang að alþjóðlegum samburðarhæfum mælingum á þessu sviði.

Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila en Gallup mælir ánægjuvogina fyrir hönd Íslensku ánægjuvogarinnar.

Íslenska ánægjuvogin er hluti af stóru evrópsku verkefni þar sem samþærilegar mælingar eru gerðar á sömu starfsgreinum í 12 Evrópulöndum samtímis. Á þessu ári verður mæld ánægja viðskiptavina með bankaþjónustu, tryggingafyrirtæki, farsímaþjónustu og tvær greinar innan matvælaíðnaðar, drykkjarvörum og áleggi.

Mælingin fer þannig fram að viðskiptavinir fyrirtækjanna eru valdir samkvæmt þjóðskrárártaki og spurðir milli 30 og 35 spurninga sem tengjast ímynd, væntingum, gæðum, ánægju og tryggð. Svörin eru metin á kvarðanum 0 til 100 og með því spyrja milli 200-250 viðskiptavina fyrirtækjanna næst góð tölfræðileg nákvæmni í niðurstöðurnar (innan við 2% skekkja).

Miklar vonir eru bundnar við að ánægjuvogin verði eitt af mikilvægustu stjórnækjum fyrirtækja á komandi árum, en hún var einmitt kynnt sem aðalefni á síðasta iðnþingi Samtaka iðnaðarins. Á hinni árlegu EOQ-ráðstefnu um gæðamál sem fram fór í Madrid á Spáni í síðasta mánuði kom fram mikill áhugi og athygli sem þetta verkefni nýtur. Mörg af framsæknu fyrirtækjum Evrópu byggja í vaxandi mæli á slíkum mælingum í gæðastarfi sínu.

Davíð Lúðvíksson

Ungt fólk hvatt til að læra prentverk



Samtök iðnaðarins ásamt Félagi bókagerðarmanna haf gefið út bækling ætlað er að hvetja ungt fólk til að læra og vinna við prentverk. Í bæklingnum eru viðtöl við þrjá bókagerðarmenn, tvær stúlkur og einn pilt, sem nýlega hafa lokið námi og hafið störf í prentiðnaði. Jafnframt er bent á að prentsmið, prentun og bókband séu hluti af upplýsingatækni nútímans og veiti fjölda tækifæra og ólík störf í framtíðinni.

Bæklingurinn verður sendur til allra ungmenna fæddra árið 1979 á næstu dögum. Honumverður einnig dreift í skólum þegar þeir taka til starfa á ný í haust.

Þórarinn Gunnarsson

[íslenskt já takk]

Vörugjöld hafa lækkað

Innheimtar tekjur ríkissjóðs af almennu vörugjaldi voru svipaðar árið 1998 og þær voru árið 1996 eða rúmlega þrjár milljarðar króna. Þetta merkir að vörugjöldin hafa lækkað þegar tekið er tillit til aukinnar innlendrar eftirspurnar og verðlagsþróunar. Í hlutfalli af neyslu og fjárfestingu í hagkerfinu hefur gjaldið lækkað um fimmtung þ.e.a.s. úr 0,62% í 0,5%.

Ástæðu þessarar lækkunar má rekja aftur til ársins 1996. Þá var athugasemdum Eftirlitsstofnunnar EFTA um greiðslufrest og gjaldstofn vörugjalda mætt með því að umbreyta sjö þrepa vörugjaldskerfi í torskilda blöndu 13 flokka verð- og magnjalda. Fáir vissu - þar með talinn löggjafinn - hverju þessi blanda myndi skila ríkissjóði. Ánægjulegt er að sjá að ríkissjóður hefur með þessum hætti dregið úr skattlagningunni.

Flokkur almennu vörugjaldanna má skipta í fimm hluta eftir eðli og uppruna. Rómur þriðjungur gjaldsins eru vörugjöld á matvæli. Árið 1998 voru þau 1.182 milljónir króna samanborið við 1.169 milljónir króna árið 1996. Það er lítilsháttar hækkun í krónum talið sem kemur helst fram í auknum tekjum af vörugjaldi á kaffi, te, sultur, snakk, sykur og kex. Tekjur af vörugjaldi á þessi matvæli hækkuðu úr 200 milljónum króna í 338 milljónir króna milli árána 1996 og 1998. Tekjur af vörugjaldi á sælgæti hafa hins vegar lækkað úr 356 milljónum króna í 288 milljónir króna og ís úr 54 milljónum króna í 32 milljónir króna. Hið sama má segja um tekjur af vörugjaldi á gosdrykki, öl og ávaxtasafa. Tekjurnar hafa þar hækkað úr 560 milljónum króna í 524 milljónir króna.

Heimilistæki eru annar stærsti stofn

almennra vörugjalda. Í þeim flokki hafa tekjur af vörugjöldum aukist úr 721 milljón króna á árinu 1996 í 1.042 milljónir króna á árinu 1998. Meginstyrkingin er eflaust aukin sala.

Byggingavörur eru þriðji stærsti flokkurinn en þar hafa tekjur af vörugjöldum lækkað verulega enda hafa vörugjöld verið felld niður af ýmsum byggingavörum. Tekjurnar voru 633 milljónir króna árið 1996 en námu 515 milljónum króna árið 1998. Þessi þróun hefur átt sér stað samhliða miklum vexti innlands byggingamarkaðar. Hlutfallsleg lækkun er því enn meiri en tölurnar bera með sér.

Fjórði flokkurinn eru bílavarahlutir. Vörugjöld í þessum flokki skiluðu ríkissjóði 270 milljónum króna árið 1998 samanborið við 273 milljónir árið 1996. Hér er því um lítilsháttar lækkun að ræða en talsverð ef höfð er í huga sú sprenging sem hefur orðið á bifreiðamarkaðinum á þessu tímabili. Síðasti flokkurinn er snyrtivörur. Vörugjöld í þessum flokki hafa verið felld niður en þau skiluðu ríkissjóði 146 milljónum króna í tekjur árið 1996. Almenn vörugjöld, sem lögð eru á vörur sem ekki teljast til aðurnefndra flokka, skiluðu 21 milljón króna í tekjur árið 1998 samanborið við 78 milljónir króna árið 1996.

Álagning vörugjalda sýnir að við lýði er umfangsmikið tvöfalt kerfi neysluskatta hér á landi sem hvergi tíðkast í viðlíka mæli meðal þeirra þjóða sem við berum okkur helst saman við. Þetta kerfi er efnahagslífinu mjög kostnaðarsamt þótt það skili nú orðið ekki nema 1,4% af heildartekjum ríkissjóðs. Kerfið þarf að afnema þannig að hér verði í framtíðinni eitt kerfi neysluskatta.

Ingólfur Bender



Fengu ágóða Byggingadaga '99



Samtök iðnaðarins stóð fyrir sýningu í Laugardalshöll sem nefnd var Byggingadagar '99. Aðgangseyrir var 200 kr. fyrir fullorðna en börn yngri en 12 ára fengu frítt inn. Sýnendur og forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins tóku þá ákvörðun að láta tekjur af miðasölu renna til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

Á myndinni afhendir Haraldur Sumarliðason, formaður SI, Benedikt Axelssyni formanni STK ávísun að upphæð kr. 1.500.000,-.

Sumarleyfi Samtaka iðnaðarins 19. júlí til 6. ágúst

Meirihluti starfsmanna Samtaka iðnaðarins verður í sumarleyfi dagana 19. júlí til 6. ágúst nk. að báðum dögum meðtöldum. Þjónusta verður því skert þessa daga en skrifstofunni þó ekki lokað algjörlega.